

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Júlí 2017

## Skráð atvinnuleysi var 1,8% í júlí

Skráð atvinnuleysi í júlí var 1,8% og breyttist hlutfallstala atvinnuleysis ekki frá júnímánuði.

Að meðaltali voru 156 færri á skrá í júlí í ár en í júlí í fyrra (2016), en þá mældist atvinnuleysi 2,0%.

Atvinnuleysi breyttist lítið milli landshluta frá júní. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi óbreytt, á Vesturlandi og Austurlandi minnkaði atvinnuleysi um 0,1 prósentustig, á Vestfjörðum og Suðurnesjum jókst það um 0,1 prósentustig, en á landsbyggðinni í heild breyttist atvinnuleysið ekki.

Alls höfðu 836 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí en voru 1.010 í júlílok 2016. Hefur þeim því fækkað um 174 milli ára.

Greiddar voru 710 milljónir í atvinnuleysistryggingar í júlí og 1.064 milljónir í fæðingarorlof.

Í júlí komu alls inn 182 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 80 (44%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Austurlandi og Suðurnesjum, um 14% á hvoru svæði.


Um 28% auglýstra starfa voru annars staðar á landinu. Flest auglýstra starfa, eða 129 (58%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum, um 11% á hvoru svæði. Um 20% auglýstra starfa voru annars staðar á landinu.

Alls voru 970 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júlí eða um 25% allra atvinnulausra. Flestir þeirra komu frá Póllandi, 568 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá.

Í júlí gaf Vinnumálastofnun út 161 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.099 atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017. Af útgefnum leyfum í júlí voru 47 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 51 framlengd leyfi, eitt á grundvelli þjónustusamnings og 62 leyfi voru veitt til námsmanna.

Alls fóru 382 einstaklingar af skrá í júlímánuði, þar af fóru 216 í vinnu eða um 57%. Þá voru 106 einstaklingar (28%) sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok júlí eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Skráð atvinnuleysi í júlí 2015 til júlí 2017



## Greining atvinnuleysis

# Atvinnuleysi í júlí og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í júlí mældist eins og fyrr segir 1,8% og voru að jafnaði 3.514 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 31 á atvinnuleysissskrá frá júní.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 2,1% og 2,0% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi var 1,9% á Norðurlandi eystra og var óbreytt frá júní. Alls voru 1.585 karlar að jafnaði atvinnulausir í júlí og 1.929 konur og var atvinnuleysi 1,5% meðal karla og 2,2% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá


## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 836 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí en voru 1.010 í júlílok 2016. Hefur þeim því fækkað um 174 milli ára. Þeim sem höfðu verið án atvinnu í 6 mánuði eða lengur fjölgaði um 77 frá júní og voru 1.790 í lok júlí. Hins vegar fækkaði þeim um 260 frá júlí í fyrra.

## Starfsstéttir og atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði í þeim starfsstéttum sem snúa að ýmsri þjónustu, sölu- og afgreiðslustörfum frá júlí 2016 en fjölgaði í sjávarútvegstengdum starfsstéttum. Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að fleiri eru nú á skrá í sjávarútvegsgreinum en fyrir ári, en atvinnulausum fækkar í flestum öðrum greinum, einkum í félagá- og menningarstarfsemi, í persónutengdri þjónustu, fjármála- og tryggingastarfsemi, verslun og flutningastarfsemi.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



konum og er nú 0,3 prósentustigi lægra meðal kvenna en óbreytt meðal karla frá júlí 2016. Alls voru 427 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok júlí í ár sem samsvarar um 1,6% atvinnuleysi. Fjöldi atvinnulausra ungmenna var 471 í júlí 2016. Lítilsháttar fjölgun var hins vegar í aldurshópum 40 til 54 ára milli ára.

GREIÐSLUSTOFA  
GREIDDI

710 milljónir  
Í JÚLÍ

Þar af voru:

645 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.


25 milljónir vegna barnadagpeninga.

40 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

## Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 970 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júlí eða um 25% allra atvinnulausra og hafði fjölgað um 10 frá júní. Flestir þeirra komu frá Póllandi, 568 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Þessi fjöldi samsvarar um 4,0% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



## Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi breytist yfirleitt lítið yfir sumarmánuðina og er gert ráð fyrir að svo verði einnig í ár og að atvinnuleysi verði á bilinu 1,7-1,9% í ágúst.

Gera má ráð fyrir að fækkun meðal atvinnulausra verði mest meðal þeirra sem hafa starfað í greinum þar sem þenslan hefur verið hvað mest, einkum ferðaþjónustutengdum greinum og verslun. Einnig má búast við árstíðabundinni fækkun atvinnulausra í fræðslustarfsemi.

## Þjónusta við atvinnuleitendur


# Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

## Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 382 einstaklingar af skrá í júlímánuði, þar af fóru 216 í vinnu eða um 57%. Þá voru 106 einstaklingar (28%) sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok júlí eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig fóru 8 af skrá vegna töku fæðingarorlofs, 12 voru óvinnufærir eða fóru í einhver endurhæfingar- eða meðferðarúrræði, 9 manns hættu við umsókn eða drógu hana til baka og 31 nefndu ýmsar aðrar ástæður.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisrá í júlí



Um 55% þeirra sem fóru af skrá voru karlar og 45% konur. Um 21% höfðu verið atvinnulausir í hálf t ár eða lengur. Um 77% þeirra sem voru afskráðir í júlí voru Íslendingar, 16% voru Pólverjar og 7% af öðru þjóðerni.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

## Margskonar vinnumiðlunarþjónusta

Vinnumálastofnun miðlaði 6 atvinnuleitendum í störf á grundvelli starfsþjálfunarsamnings í júlí þar sem fyrirtæki fær fjárhagslegan styrk í 6 mánuði til að ráða atvinnuleitanda í tiltekið starf. Alls voru 114 einstaklingar starfandi í slíkum starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í júlí.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf, skrifstofufólk	29	16%
Þjónustustörf	33	18%
Afgreiðslustörf í verslunum og matsölustöðum	17	9%
Iðnaðarmenn	13	7%
Bílstjórar og vélafólk	9	5%
Verkafólk í þjónustu	46	25%
Verkafólk í landbún, garðyrkju	35	19%
<b>Samtals</b>	<b>182</b>	<b>100%</b>

## Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni.

Júlímánuður er sá mánuður ársins sem minnst framboð er af námskeiðum og fundum fyrir atvinnuleitendur og því sækja atvinnuleitendur sér annars konar eflingu yfir sumartímann.

Engu að síður tóku 478 manns þátt í kynningarnámskeiðum/fundum í júlí. Flestir voru á höfuðborgarsvæðinu eða 381.


Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi stóð atvinnuleitendum til boða hagnýt námskeið til sjálfshjálpar og bjargráða í atvinnuleitinni í júlí. Fjörutíu og átta einstaklingar nýttu sér slík úrræði í mánuðinum.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í júlí unnu 40 einstaklingar að slíkri hugmynd, langflestir staðsettir á höfuðborgarsvæðinu eða 28.

Þá voru 27 einstaklingar í atvinnutengdri endurhæfingu í júlí, 12 á höfuðborgarsvæðinu, 9 á Suðurnesjum, 5 á Norðurlandi eystra og færri á öðrum stöðum á landinu.

Búast má við því að framboð vinnumarkaðsúrræða verði meira strax í ágúst og september.

Fjöldi í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum eftir landsvæðum í júlí



## Auglýst störf í vinnumiðlun í júlí


Í júlí komu alls inn 182 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 80 (44%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst á Austurlandi og Suðurnesjum, um 14% á hvoru svæði. Um 28% auglýstra starfa voru annars staðar á landinu.

Mest er um ýmis konar störf fyrir verkafólk, eða um 25% auglýstra starfa. Annars er um nokkuð fjölbreytta flóru starfa að ræða eins og fram kemur í töflunni hér til hliðar.

## Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES - ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júlí voru gefin út 45 U2 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 33 einstaklingar. Á fyrstu sjö mánuðum ársins hafa samtals verið móttækin 34 U2 vottorð. Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysisstryggingu sinni með því markmiði að flytja hana til annars EES - ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í júlí voru gefin út 53, U1 vottorð, flest til Póllands eða 19, næst í röðinni var Tékkland, en þangað voru gefin út og send 14, U1 vottorð. Á fyrstu sjö mánuðum ársins hafa samtals verið gefin út og send 436 U1 vottorð.

Útflutt réttindi í atvinnuleysisstryggingakerfinu eftir löndum í júlí




## Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

### Námsmönnum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins fjölga enn á íslenskum vinnumarkaði

Í júlí gaf Vinnumálastofnun út 161 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.099 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í júlí voru 47 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 51 framlengd leyfi, eitt á grundvelli þjónustusamnings og 62 leyfi til námsmanna. Það sem af er ári hefur Vinnumálastofnun gefið út 297 tímabundin atvinnuleyfi til námsmanna til að starfa á íslenskum vinnumarkaði. Af þeim eru 89 leyfi til námsmanna sem eru að koma nýir inn á íslenskan vinnumarkað, þ.e.

Útgefin atvinnuleyfi til námsmanna



hafa ekki áður fengið útgefið atvinnuleyfi. Hafa útgefin tímabundin atvinnuleyfi til nýrra námsmanna á íslenskum vinnumarkaði næstum tvöfaldast frá sama tíma í fyrra. Á meðfylgjandi súluriti sjást útgefin atvinnuleyfi til námsmanna til að starfa hér á landi á síðustu þremur árum og spá fyrir ágúst til desember 2017:

### Vinnumálastofnun spáir áframhaldandi fjölgun starfsmanna starfsmannaleiga

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 44 erlend fyrirtæki starfandi í júlí 2017.


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 44 erlend fyrirtæki starfandi í júlí 2017. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 548 og hefur þeim fjölgað um 15 frá júní.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.879 í mánuðinum á vegum 30 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað til muna á milli mánaða, eða um 311.

Af þeim 30 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í júlí voru 18 innlendar og 12 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar höfðu 1.783 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 96. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í júlí voru því samtals 644 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

Líkt og áður segir þá er töluverð aukning á fjölda starfandi starfsmanna starfsmannaleiga á milli mánaðanna júní og júlí. Meðfylgjandi súlurit sýnir hver þróunin hefur verið á aukningu starfsmanna starfsmannaleiga á milli mánaða á íslenskum vinnumarkaði árið 2016 og það sem af er árinu 2017. Ef þróunin næstu þrjá mánuði verður sú sama og á sama tíma í fyrra þá má ætla að fjöldi starfsmanna starfsmannaleiga eigi eftir að aukast um tæp 37%, verður þá fjöldi starfandi starfsmanna starfsmannaleiga orðinn 2.500 í október næstkomandi.

Aukning starfsmanna starfsmannaleigna  
2016-2017



## FÆÐINGARORLOFS- SJÓÐUR GREIDDI

**1.064 milljónir**  
til 1.704 karla og 2.809 kvenna  
í júlí 2017

## ÁBRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI

**8 launamönnum**  
vangoldin laun vegna gjaldþrota  
fyrirtækja í júlí

### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra